

Foreldrafélagsfundur 31.mars 2022

Mættar: Ása formaður, Anna leikskólastjóri/gjaldkeri, Rósamunda, Harpa, Arna Björg, Bjarney Anna og Edda Guðrún ritari.

Stjórnin

- Anna Bjarnadóttir er að fara í leyfi og Arna Björg tekur við gjaldkerastöðunni.
- Það þarf að fara í bankann og breyta prókúrunni. Anna fer í málið áður en hún hættir í stjórninni.

Útskriftarferð elstu barna

- Útskriftarferð elstu barna verður 24.maí.
- Áætlað að fara í Slakka og foreldrafélagið greiðir fyrir rútuna.

Sveitaferð

- Sveitaferð verður laugardaginn 7.maí kl. 13.00 á Hraðastöðum í Kjós.
- Foreldrar mæta á einkabílnum og við greiðum fyrir barnið og einn fullorðinn.
- Við þurfum að finna út hvernig við höldum utanum skráningu og greiðslur ef fleiri en tveir frá hverri fjölskyldu mæta.
- Ása gerir auglýsingu fyrir ferðina.
- Foreldrafélagið þarf að deila með sér verkefnum fyrir ferðina og í ferðinni.
- Það þarf að kaupa inn pylsur, pylsubrauð meðlæti og drykki. Það væri gott ef einhver sem ekki kemst í ferðina myndi taka að sér innkaupin.
- Það þarf að rukka fyrir aukabörn, grilla og ganga frá.
- Börnin eru á vegum foreldra sinna.

Opið hús

- Stefnt er að því að hafa opið hús á virkum degi frá kl. 15.00. Dagssetning kemur fljótlega.
- Foreldrum gefst þá tækifæri á að koma og skoða verk barnanna og hitta aðra.
- Foreldrafélagið kaupir kökur hjá Myllunni sem eru í boði á opnu húsi.

Starfsmannahald

- Umræða um auglýsta aðstoðarleikskólastjórastöðu sem engin hefur sótt um.
- Búið er að ráða sumarstarfsfólk í gegnum vinnuskóla Garðabæjar.
- Nýi leikskólastjórinn mætir til starfa á morgun.
- Anna verður í vinnu fram yfir páska en fer þá í hálfis árs leyfi.
- Það hefur verið mikill stöðuleiki í starfsmannahópnum undanfarið og vonandi helst það áfram.

Önnur mál

- Langt og skemmtilegt spjall um daginn og veginn.
- Miklar tengingar innan hópsins 😊